

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 018/2023

Reykjavík, 27. júní 2024


Fjölskyldusvið Garðabæjar
B.t. Svanhildar Þengilsdóttur sviðsstjóra
Ráðhúsi Garðabæjar, Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Meðfylgjandi er skýrsla umboðsmanns Alþingis, dagsett í dag, vegna athugunar OPCAT-eftirlits embættisins á búsetuúrræði Vinakots ehf. fyrir börn sem fram fór dagana 26. til 27. apríl 2023. Í skýrslunni má finna umfjöllun og niðurstöður sem varða m.a. lagaumgjörð, aðbúnað og almenna starfsemi í búsetuúrræðunum. Skýrslan verður birt á rafrænu formi á vefsíðu umboðsmanns, www.umbodsmadur.is/opcat.

Í skýrslunni er ýmsum ábendingum og tilmælum beint með almennum hætti til sveitarfélaga en í ljósi þess að barn frá Garðabæ vistaðist hjá Vinakoti ehf. þegar heimsókn umboðsmanns fór fram er í 13. kafla skýrslunnar óskað eftir því að upplýst verði um viðbrögð bæjarins við þeim ábendingum og tilmælum í skýrslunni sem beint er til sveitarfélaga, sem og um aðrar aðgerðir sem talið er tilefni til að ráðast í vegna hennar. Er þess óskað að upplýsingar um viðbrögð Garðabæjar og stöðu mála berist skrifstofu umboðsmanns eigi síðar en 1. janúar 2025. Óskað er eftir því að svörin verði útfærð þannig að þau megi birta opinberlega.

Rétt er að upplýsa að skýrslan er einnig send öðrum sveitarfélögum sem höfðu börn í sólarhringsþjónustu í búsetuúrræðum Vinakots þegar heimsókn umboðsmanns fór fram, n.tt. Hafnarfjarðarbæ og Dalabyggð, svo og mennta- og barnamálaráðuneytinu og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, með sambærilegri ósk um að viðbrögð berist fyrir sama tímamark. Jafnframt er Sambandi íslenskra sveitarfélaga send skýrslan til upplýsingar, með þeirri ósk að hún verði kynnt sveitarstjórnnum.

Virðingarfyllst,


Skúli Magnússon

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026